



Alþýðusamband Íslands



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2022

Efni: Sameiginleg umsögn ASÍ og SA um drög að stjórnarfrumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.) - Mál nr. 66/2022

Í samráðsgátt stjórnvalda eru birt drög að frumvarpi með breytingum á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, ásamt fleiri tengdum lögum. Drögin eru tímabær áfangi í framkvæmd og efnudum á yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við Lífskjarasamninginn sem undirritaður var 3. apríl 2019. Efni þeirrar yfirlýsingar, nú útfærð í frumvarpsdrögunum, er nauðsynlegur liður í því að ljúka samræmingu lífeyrisréttinda á öllum vinnumarkaðnum. Samningsaðilar, ASÍ og SA, treystu á að stjórnvöld veittu mikilvægustu þáttum kjarasamnings aðila um lífeyrismál frá 2016 lagastoð, einkum ákvæðum um lágmarksiðgjald og aukinn sveigjanleika, en það hefur dregist úr hófi fram.

Í þessum drögum að frumvarpi er tekið tillit til veigamestu athugasemda samtakanna við fyrri frumvörp um sama efni og því geta þau staðið sameiginlega að baki þeirri málamyndun sem þar birtist. Samtökin áskilja sér þó áfram rétt til að halda til haga athugasemdum hvors fyrir sig sem fram hafa komið í fyrri umsögnum. Samtökin vilja þó árétta mikilvægi þess að frumvarpsdrögin verði nú að lögum með því að standa sameiginlega að baki frumvarpinu í núverandi mynd.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hvetja til að þessi drög að frumvarpi verði lögð fram á Alþingi og verði að lögum.

Virðingarfyllt,

f.h. Alþýðusambands Íslands

Drífa Snædal

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Benjamín Þorbergsson